



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

## Skólaráðsfundur 11. janúar 2018

Þriðji fundur skólaráðs er haldinn í fundarsal Gamla skóla kl: 16:10. Mætt eru auk skólastjóra, Ólafía Stefánsdóttir, Gunnar Einarsson, Sonja Stefánsson, Oddný Daníelsdóttir, Bjarnheiður Jónsdóttir og Þorkell Helgason sem ritar fundargerð.

### 1. Fundargerð fyrsta fundar.

Fundargerð fyrsta skólaráðsfundar þann 9. október lesin og rædd. Samþykkt með lítilsháttar breytingu á orðalagi.

### 2. Sumarfrí á leikskóladeild.

Sumarfrí leikskóladeildar í ár verður frá 5.júlí til 6. ágúst. Þetta fyrirkomulag hefur verið nokkuð lengi og er rætt um hvort ástæða sé til að endurskoða það. Þessi aðferð var hugsuð til þess að börnin á leikskóladeildinni fengju sumarfrí, en á móti kemur að þetta fyrirkomulag er mjög bindandi fyrir starfsfólkið. Skólaráðið leggur til að afstaða foreldra og starfsfólks verði könnuð og staðan verði þá metin með tilliti til breytinga.

### 3. Áætlanir í leikskóladeild.

a) Í leikskóladeild er verið að endurskoða móttökuáætlun nemenda, þ.e.a.s. þegar nýjir nemendur koma og eins þegar nemendur fara á milli deilda. Ólafía bendir á að í móttöku áætlun vanti hvernig eigi að taka tillit til nemenda með einhverjar sérþarfir, s.s. fötlun, tungumála erfiðleika.

b) Í ársskýrslu leikskóladeildar kemur fram að fullmannað er á leikskólanum, faglegt starf er í framþróun og vexti, og að sögn starfsmanna eru framfarir augljósar.

c) Eineltisáætlun leikskóladeildar. Svandís kynnir flæðirit eineltisáætlunarinnar og rætt er um verkferla. Rætt er um hugsanlegar innbyggðar tafir í ferlunum, þannig að of langur tími líði frá upphafi mála þangað til gripið er inn í þau.

Svandís sýndi okkur nýrra flæðirit úr öðrum skóla þar sem hlutirnir virðast geta gengið hraðar en í gildandi áætlun okkar deildar. Ólafía bendir á að þarft sé að uppfræða forráðamenn og starfsmenn oft um eineltisáætlanir og virkni þeirra, og segir Svandís okkur að að fulltrúi Olweusaráætlunarinnar sé væntanlegur í skólann. Áfram er rætt og rýnt í gildandi flæðirit og tillögur að bættu vinnulagi ræddar. Það ber einnig að hafa í huga að það eru ekki bara börn og unglingar sem verða fyrir einelti, það sé líka þekkt í heimi hinna fullorðnu. Seyðisfjarðarkaupstaður er með virka áætlun fyrir starfsmenn sína til að taka á hugsanlegum málun af því tagi, þótt þar sé ekki um Olweusaráætlun að ræða. Margar birtingarmyndir eineltis eru þekktar og er nauðsynlegt að vera alltaf vakandi fyrir þeim.

#### **4. Staða á framkvæmdum.**

Skólastjóri segir frá hlekk á heimasíðu Seyðisfjarðarskóla þar sem sjá má upp-lýsingar um verkefni og framkvæmdir í skólanum. Hún bendir sérstaklega á hlekkinn [menningarmot.is](#), þar sem fjölmening er viðfangsefnið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.